

Kiwanis

Umdæmið Ísland-Færeyjar



kiwanis.is

Kiwanishjarta er allt sem þarf

Skýrsla svæðisstjóra Ægissvæðis til umdæmisstjórnarfundar 12. janúar 2012

Innsetning nýrrar stjórnar hjá Hofi í Garði var fyrsta embættisverk svæðisstjóra Ægissvæðis á þessu starfsári. Frumraunin gekk vel og með dyggri aðstoð kjörsvæðisstjóra, Jóhönnu M. Einarsdóttur, voru settar inn nýjar stjórnir í átta klúbbum á rúmri viku, frá 24. september til 4. október. Mest gekk á laugardaginn 29. september þegar skipt var um stjórnir í 4 klúbbum.

Í sumar voru 40 ár liðin frá stofnun Kiwanisklúbbsins Hofi í Garði og af því tilefni buðu starfandi félagar klúbbsins til vel heppnaðrar afmælisveislu 27. október. Svæðisstjóri þáði einnig boð Hraunborgar á árlegan villibráðardag þeirra og var sérlega ánægjulegt að taka þátt í vel skipulögðu fjáröflunarverkefni sem greinilega er orðið fast í sessi.

Svæðisráðsfundur í Hafnarfirði 17. nóvember í umsjón Eldborgar var vel sóttur. Eftir afgreiðslu skýrslna ræddi Björn Ágúst, formaður styrktarsjóðs umdæmisins, málefni sjóðsins og stífkrampaverkefnið. Óskar Guðjónsson sagði frá heildarendurskoðun klúbbalaga, sem kynnt voru á umdæmisstjórnarfundum og svaraði spurningum. Þá kynnti formaður ferðanefndar umdæmisins, Guðmundur Þorvaldsson, ferð á Evrópuþing næsta sumar. Næsti svæðisráðsfundur verður nú í byrjun febrúar í Garðabæ í umsjón Setbergs og hefur umdæmisstjóri þegið boð á þann fund.

Svæðisstjóra Ægissvæðis var boðið að taka þátt í vígslufundi nýja kvennaklúbbsins Dyngju sem er græðlingsklúbbur Sólborgar. Svæðisstjóri Freyjusvæðis stýrði athöfninni en undirritaður var til aðstoðar.

Skýrsluskil hafa verið góð og lýsa skýrslur öfluglu starfi klúbba í svæðinu. Í skýrslum fyrstu 3ja mánuða starfsársins er gert grein fyrir styrkjum að upphæð tæplega 3 milljónir króna. Heildarupphæð fjáraflana er mun minni og greinilegt er að uppgjör fjáraflana hefur ekki legið fyrir við gerð desember skýrslna. Heldur hefur félögum fækkað þó flestir klúbbar hafi haldið í horfinu og nokkrir nýir félagar verið teknir inn.

Samstarf við embættismenn klúbba í svæðinu og svæðisstjórn hefur verið mjög ánægjulegt og ég hlakka til áframhaldandi samstarfs við fólk með stórt Kiwanishjarta.

Með Kiwaniskveðju,
Konráð Konráðsson, svæðisstjóri Ægissvæðis.